

Sjónvarpið
Fréttir 19:00

Fréttamaður: Kristín Sigurðardóttir
Tími: 00:01:15

Díoxín í jarðvegi eftir áramótabrennur

Viðbúið er að díoxín leynist í jarðvegi þar sem áramótabrennur hafa verið. Stjórnvöld vinna nú að viðamikilli rannsókn á jarðvegi og er niðurstöðu að vænta eftir mánuð.

Á Ægisíðu í Reykjavík er hansaklæddur maður, vopnaður hnífi og skeið, að rista upp torfpökur og sáldra mold í litla brúna krukku.

Arnór Sigfússon, sérfræðingur hjá Verkís: Ja, við erum að taka sýni fyrir Umhverfisstofnun. Þetta er hluti af athugun sem þeir eru að fara með um allt land. Tengist þarna sorpbrennslunni Funa í, við Ísafjörð.

En hvers er leitað?

Arnór Sigfússon: Díoxín er einmitt efni sem að myndast við ófullkominn bruna þannig að það er ekki ólíklegt að eitthvað, eitthvað díoxín leynist hérna í jarðvegi.

Yfir 60 sýni verða tekin víðs vegar um landið, einkum þar sem hafa verið sorpbrennslur, eins og í Skutulsfirði, á Reykjanesi, Kirkjubæjarklaustri og fleiri stöðum. Einnig þar sem hafa verið áramótabrennur eins og við Ægissíðuna.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

Kristín Sigurðardóttir: Geturðu eitthvað metið líkurnar á því að hér muni finnast díoxín, í jarðveginum hérna?

Arnór Sigfússon: Það er nú líklegt að það sé hér af því að hér hefur verið brenna, áramótabrenna mjög lengi, þar sem að ýmislegt hefur brunnið.

Díoxín getur dregið úr vexti og viðgangi fuglastofnsins.

Arnór Sigfússon: Það er talið að þetta geti leitt til sjúkdóma eins og krabbameina og kannski ófrjósemi og annað. En það þarf að vera mikill styrkur til þess að þú beinlínis fái eitrun af því.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is